



Nefndasvið Alþingis  
b.t. allsherjar- og menntamálanefndar  
Austurstræti 8-10  
101 Reykjavík  
nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 7. desember 2023

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á kvikmyndalögum, nr. 137/2001 (framleiðslustyrkur til lokafjármögnunar)**

Samband íslenskra kvikmyndaframleiðenda (SÍK), aðildarsamtök Samtaka iðnaðarins, hafa tekið til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á kvikmyndalögum nr. 137/2001 (framleiðslustyrkur til lokafjármögnunar), 486. mál. Fram kemur í greinargerð að markmið frumvarpsins sé einkum að styðja við framleiðslu, sölu og dreifingu leikinna sjónvarpsþátta með vísan til aðgerða í kvikmyndastefnu. Þá sé lögð áhersla á að kvikmyndalögum verði breytt með tilliti til þróunar og breytinga sem hafa átt sér stað í alþjóðlegu þróunar- og fjármögnunarumhverfi sjónvarpsþátta. Horft hafi verið til Norræna kvikmynda- og sjónvarpssjóðsins þar sem styrkir til framleiðslu endurgreiðast samkvæmt ákveðnu hlutfalli af tekjum á heimsvísu af þáttaröð. Ekki er að finna sambærilega heimild til endurgreiðslu í núverandi kvikmyndalögum. Með frumvarpinu er Kvikmyndasjóði heimilt að veita styrki sem geta falið í sér kröfu um endurheimt sambærilega þeim sem Norræni kvikmynda- og sjónvarpssjóðurinn veitir.

SÍK fagnar frumvarpinu en það heimilar m.a. nýjan flokk framleiðslustyrkja til lokafjármögnunar á gerð leikna sjónvarpsþátta. Undanfarin ár hefur SÍK í málflutningi sínum lagt áherslu á mikilvægi þess að auka við stuðning við framleiðslu sjónvarpsþátta ásamt því að styrkja samkeppnisstöðu sjálfstæðra framleiðenda. Mikilvægt er að til staðar sé kerfi sem annar hröðu þróunar- og fjármögnunarferli ört vaxandi verkefna í sjónvarpsgerð. Málið á sér aðdraganda en SÍK átti fulltrúa í verkefnahóp samansettum af fulltrúum stjórnvalda og atvinnulífs við mótun kvikmyndastefnu stjórnvalda til ársins 2030. Þar talaði SÍK stöðugt fyrir því að komið yrði á nýjum sjóði til að efla sjónvarpsþáttargerð. Úr varð markmið 1.b. í kvikmyndastefnu stjórnvalda til ársins 2030 sem kveður á um að koma skuli á nýjum fjárfestingasjóði sjónvarpsefnis. Í kjölfarið var lagt fram frumvarp á vormánuðum 2022 um breytingu á kvikmyndalögum þar sem lagt var til að styrkir til kvikmyndagerðar skyldu veittir með skilyrði um endurgreiðslu hluta hagnaðar af tekjum kvikmynda. SÍK mótmælti fyrirkomulaginu harðlega enda hafði slíkt fyrirkomulag ekki verið tilgangur með stofnun sjónvarpssjóðs en fjármögnun framleiðslu kvikmynda og sjónvarpsefnis er afar ólík sem og tekjumódelið. Forsenda fyrir stofnun sjónvarpssjóðs var og er að tryggja sértækan stuðning við sjónvarpsþáttargerð. Þá gagnrýndi SÍK að frá birtingu Kvikmyndastefnu höfðu engar fregnir borist af stofnun sjónvarpssjóðs aðrar en þær að KMÍ hafi þurft að fá sérstaka heimild til þess að greiða út fyrra ár vegna þess að lagabreyting hafði ekki átt sér stað. Úr varð að áður nefnt frumvarp var dregið til baka.

Málið var lagt fyrir á síðasta löggjafarþingi í breyttri mynd. SÍK skilaði umsögn um málið í apríl þessa árs og vilja samtökin ítreka það sem fram kom þar, þ.e. mikilvægi þess að nýjum styrkjaflokki fylgi fjárframlög. Þannig er nauðsynlegt að tryggð verði heimild til hækkunar á fjárlögum til Kvikmyndasjóðs til þess að nýr styrkjaflokkur teljist raunhæfur. Að óbreyttu gengur nýr styrkjaflokkur á önnur verkefni innan sjóðsins.

Alla jafna er það mat SÍK að efnistöð frumvarpsins hvað varðar nýjan styrkjaflokk sé afar jákvætt skref sem tekur mið af knýjandi þörf innan greinarinnar og þá sérstaklega þegar horft er til framtíðar. Fagnar SÍK tilkomu þessa frumvarps en ítrekar eftir sem áður tryggingu á fjármögnun þess.

Virðingarfyllt,



---

Lilja Björk Guðmundsdóttir,  
Viðskiptastjóri á iðnaðar- og hugverkasviði Samtaka iðnaðarins